



Námsgrein: Sjónlistir – myndmennt 10. bekkur

Vikustundir: 34

Kennari: Anna Margrét Smáradóttir

Samstarfsfólk:

Tími	Hæfniviðmið/Viðfangsefni Markmið	Kennsluhættir	Verkefni/Námsefni	Mat á námsþætti/afurð
2 kennslu- Stundir	-unnið sjálfstætt eftir vinnuferli frá hugmynd til -lokaafurðar og greint frá mismunandi nálgun við vinnuna, -sýnt frumkvæði í góðri umgengni og frágangi á vinnusvæði, -greint og beitt fjölbreyttum aðferðum og tækni,	Picasso kynntur – kúbismi. Talað um form í kúbismanum	Nemendur kynna sér listamanninn Picasso. Skoða helstu einkenni hans í portrait myndum. Nemendur teikna sjálfsmynd á A4 blað. Nýta sér einkenni frá Picasso. Lita með klessulitum.	Sjálfstæði, vandvirkni og mat á lokaafurð til mats.
6-8 kennslu- stundir	-valið á milli mismunandi aðferða við sköpun, prófað sig áfram og unnið hugmyndir í fjölbreytta miðla -skrásett og sett fram hugmyndir á fjölbreyttan hátt byggðum á eigin ímyndunarafl og / eða rannsókn, myndrænt og/ eða í texta -Sýnt og útskýrt vinnuferli frá hugmynd að lokaverki sem felur m.a. í sér upplýsingaöflun, tilraunir og samtal - greint og beitt fjölbreyttum aðferðum og tækni	Hér verður nemendum sýnt ferli þar sem verið er að móta pappamassadýr. Kennari kemur með sýnishorn og sýnir. Brýna fyrir nemendum að góðir hlutir gerast hægt!	Pappamassi – nemendur velja sér dýr. Móta með dagblöðum og þekja svo með pappamassa Málað í raunverulegum litum	Hversu vel nemendur ná að tileinka sér efnið og tæknina. Mat á vandvirkni og þrautseigju. Lokaafurð metin.



Tími	Hæfniviðmið/Viðfangsefni Markmið	Kennsluhættir	Verkefni/Námsefni	Mat á námsþætti/afurð
6-8 kennst.	<p>-valið á milli mismunandi aðferða við sköpun, prófað sig áfram og unnið hugmyndir í fjölbreytta miðla</p> <p>- greint og beitt fjölbreyttum aðferðum og tækni</p> <p>-sýnt og útskýrt vinnuferli frá hugmynd að lokaverki sem felur m.a. í sér upplýsingaöflun, tilraunir og samtal</p> <p>-gagnrýnt af þekkingu, sanngirni og virðingu eigin verk og annarra bæði einn og í samvinnu</p>	Myndband af youtube þar sem farið er yfir skyggingarferlið.	Ljós og skuggi til að skapa þrívídd. Nemendur teikna upp eftir hendinni á sér. Teikna borða sem þræddur er um fingurna, þurfa að átta sig á hvernig hann fer undir og yfir svo það passi. Svo hefst skyggingarvinnan. Nemendur fræðast um það hvar ljósið fellur og skuggi myndast í kjölfarið. Nemendum bent á að þrívídd myndast með skyggingum.	Tileinkun á að skyggja. Þrautseigja og vilji til þess að gera vel. Mat á vinnu í tímum og lokaafurð.
4-5 kennslu- stundir	<p>-valið á milli mismunandi aðferða við sköpun, prófað sig áfram og unnið hugmyndir í fjölbreytta miðla</p> <p>-Sýnt og útskýrt vinnuferli frá hugmynd að lokaverki sem felur m.a. í sér upplýsingaöflun, tilraunir og samtal</p> <p>- greint og beitt fjölbreyttum aðferðum og tækni</p> <p>- notað orðaforða og hugtök til að tjá skoðanir sýnar á myndlist og hönnun og fært rök fyrir þeim út frá eigin gildismati</p> <p>-gert grein fyrir margvíslegum tilgangi myndlistar og hönnunar og sett þau í</p>	<p>Kveikja – Súrrealismi kynntur og Dadismi.</p> <p>Hvernig gerum við skúlptúr í anda súrrealismans?</p> <p>Nemendur kynna sér leirlist. Horft verður á myndband þar sem ferlið við mótun á leir er kennt</p>	<p>Leir - súrrealismi.</p> <p>Nemendur nota sama dýr og notað var í pappmassagerðinni til þess að leira.</p> <p>Skissa upp og vinna í fullmótaða hugmynd.</p> <p>Eftir þeirri hugmynd ættu nemendur að geta leirað viðfangsefnið.</p>	<p>Metnaður nemenda við að gera eins vel og þeir mögulega geta. Hugmyndaflug, þrautseigja, vandvirkni og tileinkunn á efninu er hér til mats.</p> <p>Skissuvinna til mats.</p>



Tími	Hæfniviðmið/Viðfangsefni Markmið	Kennsluhættir	Verkefni/Námsefni	Mat á námsþætti/afurð
	persónulegt, menningarlegt og sögulegt samhengi.			
8-10 kennslu- stundir	-valið á milli mismunandi aðferða við sköpun, prófað sig áfram og unnið hugmyndir í fjölbreytta miðla - greint og beitt fjölbreyttum aðferðum og tækni - gagnrýnt af þekkingu, sanngirni og virðingu eigin verk og annarra bæði einn og í samvinnu - notað orðaforða og hugtök til að tjá skoðanir sýnar á myndlist og hönnun og færð rök fyrir þeim út frá eigin gildismati	Kveikja – Pop-list. Kynnt til sögunnar. Helstu listamenn kynntir; Andy Warhol og Roy Lichtenstein, Erró kynntir.	Samvinna – nemendur vinna veggspjald í anda pop – listarinnar, þar sem hver hópur tekur einn listamann fyrir ásamt stefnunni. Poplist – Erró Hópurinn kemur sér síðan saman um að vinna verkefni, þar sem hver nemandi fær búið úr mynd sem hann á að vinna í anda pop-listarinnar. Samklipp og málung.	Lokaafurð metin sem og vinnuferlið allt. Færni í samvinnu metin. Nemendur segja frá sínu verki og gagnrýna á sanngjarnan hátt verk samnemenda.
2-4 kennslu- stundir	-valið á milli mismunandi aðferða við sköpun, prófað sig áfram og unnið hugmyndir í fjölbreytta miðla - greint og beitt fjölbreyttum aðferðum og tækni - greint hvernig sjónrænt áreiti daglegs lífs hefur áhrif á líf okkar og gildismat	Kveikja – andlit. Engin andlit eru eins. Skissuvinna – farið yfir það hversu miklu máli það skiptir að skyggja í andliti. Þá kemur þrívíddin.	Nemendur æfa sig í að skissa andlitsparta.	Lokaafurð metin og tileinkun efnisins.

Niðurstöður úr einstökum þáttum námsmatsins eru birtar á mentor.is undir námsmat.

Kennari áskilur sér rétt til breytinga á áætlun.